



Helgi Skúlason og Helga Bachmann bregða á leik í Hver er hræddur við Virginíu Woolf? sem leikhópurinn Virginía sýnir í Iónó um helgina.

Virginia Woolf:

Síðustu sýningar

Nú fer hver að verða síðastur að sjá sýningar leikhópsins Virginíu á leikriti Edwards Albee, Hver er hræddur við Virginíu Woolf? Tvær sýningar verða um helgina, í kvöld og sunnudagskvöld, kl. 20.30. Lokasýningarnar verða á miðvikudag og fimmtudag á sama tíma. Leikritið er sýnt í Iónó.

Hver er hræddur við Virginíu Woolf? er frægasta leikrit Albees sem hefur lengi verið í fremstu röð bandarískra leikskálda. Verkið var frumsýnt fyrir hartnær þrjátíu árum og segir frá hörkurifriðli miðaldra hjóna eina kvöldstund, hvernig þau að lokum horfast í augu við raunveruleikann. Höfundurinn hefur sjálfur sagt að titill verksins vísi til óttans við að lífa lífinu án blekkinga. Margir frægir leikarar hafa glímt við persónur Albees og þar eru líklega frægust þau Burton og Taylor í kvikmyndaútfærslu Mike Nichols.

Helgi Skúlason, sem fer með hlutverk háskólaprófessorsins Georgs, segir í leikskrá að þetta sé eitt skemmtilegasta verkefni sem hann hafi tekist á við. Aðrir leikendur eru Helga Bachmann sem leikur Mörtu, eiginkonu Georgs, Ragnheiður Tryggvadóttir og Ellert A. Ingimundarson. Leikstjóri er Arnór Benónýsson.

Egilsstaðir:

Djasshátíð um helgina


Egilsstaðabúar ætla að halda mikla djasshátíð um helgina, þá aðra í röðinni. Hún hefst í dag og lýkur á sunnudagskvöld.

Margir af bestu og þekktustu djassleikurum landsins verða fyrir austan þessa þrjá daga. Þar verður Guðmundur Ingólfsson píanóleikari ásamt tríói sínu og Rúnari Georgssyni saxófónleikara. Einnig koma fram menn á borð við Árna Elfar, Tómas R. Einarsson, Friðrik Theódórsson og fleiri, að ógleymdu dixílandbandi Þórarins Óskarssonar.

En það verða ekki bara Reykvikingar sem ætla að blása sveiflutóna, því djassleikarar fjórðungsins mæta galvaskír til leiks. Djassband Hornafjarðar, Bláa blúsbandið frá Stöðvarfirði með Garðari Harðarsyni, gítarleikara og söngvara, og Guðgeir Björnsson, blúsari frá Egilsstöðum, munu láta í sér heyra. Og Viðar Alfreðsson trompetleikari kemur norðan úr Mývatnssveit og leikur einleik með aðstoð spilara af Egilsstöðum.

Söngfuglar fljúga einnig austur, þau Pálmi Gunnarsson og Pálína Vagnsdóttir, og dansarar sýna djassballett.

Heiðursgestur hátíðarinnar verður djassgeggjarinn Vernharður Linnet og kynnrir básúnuleikarinn og „scat“ söngvarinn Friðrik Theódórsson.



Arni Elfar teiknaði einkennismynd djasshátíðarinnar á Egilsstöðum.

Djassklúbbur Egilsstaða stendur fyrir hátíð þessari og hefur hlotið til þess styrk frá menntamálaráði, Egilsstaðabæ og 40 fyrirtækjum á Austurlandi, ásamt nokkrum úr Reykjavík.

Mikill áhugi er á djasstónlist á Austurlandi og gera forráðamenn hátíðarinnar sér vonir um góða aðsókn.

Í tengslum við djasshátíðina verður

Arni Elfar með málverkasýningu í Valaskjálfi, þar sem m.a. verða myndir úr djasslífinu.

Tónleikarnir fara allir fram í Valaskjálfi. Búgívúgi.

Ljósmyndir Yousufs Karsh á Kjarvalsstöðum

Í austurforsal Kjarvalsstaða stendur nú yfir sýning á ljósmyndum eftir Yousuf Karsh, armenskan ljósmyndara sem búsettur er í Kanada. Á sýningunni er m.a. mynd sem Karsh tók af Winston Churchill árið 1941 og aflaði honum mikillar frægðar.

Karsh fæddist í Armeníu árið 1908. Æska hans mótaðist mjög af fjölda-morðunum sem Tyrkír frömdu á Armenum í upphafi aldarinnar.

Frændi Karsh, George Nakash, tók piltinn með sér til Kanada árið 1924, þar sem hann gekk í skóla í Sherbrooke í Québec-fylki. Síðar fór hann til Boston þar sem hann nam ljósmyndun hjá John Garo, frægum ljósmyndara. Karsh sneri aftur til Kanada og opnaði ljósmyndastofu þar 1932 og fór fljótt gott orð af honum.

Um allan heim bera ljósmyndir og

prentað mál hið alrunna vörumerki „Karsh í Ottawa“. Fjallað hefur verið um Karsh í fjölda ljósmyndabóka og blaða, auk þess sem blaða- og tímaritsgreinar hafa verið skrifaðar um hann um allan heim. Verk hans eru að staðalri til sýnis í nútímalistasafni Metropolitan safnsins í New York, Listasafninu í Filadelfíu, í Chicago og fjölmörgum öðrum borgum.

Yousuf Karsh varð áttæður í fyrri og starfar hann enn af fullum krafti.

Sýningin, sem nú er á Kjarvalsstöðum, er afmælisýning í tilefni áttæðisafmælis höfundarins. Það er Ljósmyndarafélag Íslands sem gekkst fyrir því að fá hana hingað til lands. Sýningin er opin kl. 11-18 alla daga og lýkur 30. júlí.



Þessi mynd af Churchill þar hróður höfundarins víða. Sá heitir Yousuf Karsh. Sýning á verkum hans stendur nú yfir á Kjarvalsstöðum.

Skálholtstónleikar:

Semball, orgel og söngur

Dagana 8. og 9. júlí verður önnur tónleikahelgi sumarsins í Skálholti. Þrír tónlistarmenn koma fram að þessu sinni, þau Robyn Koh semballeikari, Hilmar Örn Agnarsson, orgelleikari og Erna Guðmundsdóttir sópransöngkona.

Á fyrri tónleikunum á laugardag sem hefjast kl. 15 flytja þau Hilmar og Erna söng- og orgelverk, m.a. verk úr safni Neumeister sem fannst árið 1985 í Yale háskóla vestanhafs. Þau flytja einnig sálm eftir Jón Nordal og toccótu eftir sama höfund sem samín var til minningar um Pál Ísólffson. Nýtt orgel verður tekið í notkun á þessum tónleikum, gjöf sóknarbarna og sóknarprests í Skálholtsprestakalli til fjögurra kirkna prestakallsins. Orgelgjöfin er til minningar um Önnu Magnúsdóttur í Skálholti.

Síðari tónleikarnir á laugardag hefjast kl. 17 og þar mun Robyn Koh leika sembalverk eftir W. Byrd, Frescobaldi, Rameau, Scarlatti og Bach. Dagskrá þeirra tónleika verður svo endurtekin á sunnudag kl. 15. Að sunnudagstónleikunum loknum, eða kl. 17, verður síðan messa í Skálholtskirkju.

Þar flytja Hilmar Örn Agnarsson og Erna Guðmundsdóttir orgel- og söngverk.

Robyn Koh semballeikari er fædd í Malasíu og hóf þar nám í píanóleik sex ára að aldri. Hún flutti síðar til Englands og stundaði m.a. nám í Konunglegu tónlistarskólunni. Robyn hefur víða komið fram sem stofutónlistarmaður.

Erna Guðmundsdóttir lauk tónmenntakennaraprófi frá Tónlistarskóla Reykjavíkur vorið 1983. Hún hafði jafnframt stundað söngnám við skólann og 1984 hélt hún til framhaldsnáms til Tónlistarháskólans í Bloomington í Indiana. Erna lauk meistaraþrófi vorið 1988. Hún hefur haldið sjálfstæða tónleika og sungið einsöng með kór-um.

Hilmar Örn Agnarsson starfaði sem organisti og tónmenntakennari í Þorlákshöfn 1982-1985, en hélt síðan til frekara framhaldsnáms til Hamborgar. Þann 1. mars síðastliðinn var hann settur organisti við Skálholtskirkju.

Aðgangur að tónleikunum í Skálholtskirkju um helgina er ókeypis og öllum heimill.

Veitingahús vikunnar:

Fógetinn

- sjá bls. 18

Íþróttir helgarinnar

- sjá bls. 23

Náttúru- skoðun á Reykjanesi

- sjá bls. 19

Halldór í Slunkaríki

- sjá bls. 20-21